

FUNDARGERÐ

360. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, þriðjudaginn 13. janúar 2026 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP).

Gestir á fundinum:

Védís Vaka Vignisdóttir (#2-#4)

Þorsteinn B. Ragnarsson (#2-#6)

Glúmur Björnsson (#6-#7)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Fundaáætlun og ferli upplýsinga til stjórnar
- 2 Melshorn - Verkstaða
- 3 Staða hitaveitu í Úlfsstaðaskógi
- 4 Erindi frá eigendum í Eyjólfsstaðaskógi 2
- 5 Hitaveita á Eiðum
- 6 Vatnsveita á Eiðum
- 7 Jarðhitaleit Djúpavogi
- 8 Starfsmannamál
- 9 Stöðumat á lögnum fyrir hita- og vatnsveitu
- 10 Norðurálma Fellabrún 1
- 11 Stefnumótun ársins 2026 og framkvæmdaáætlun
- 12 Önnur mál
 - a. Hringtenging ljósleiðara á Borgarfjörð eystra
 - b. Fjarvarmaveita Seyðisfirði
 - c. Innkomin erindi
 - d. Fréttir frá Samorku

1 Fundaáætlun og ferli upplýsinga til stjórnar

Síðasti fundur sitjandi stjórnar er áætlaður í maí. Reikna má með að ný stjórn taki við að loknum kosningu til sveitarstjórnar.

Stjórn fundi annan þriðjudag í mánuði kl. 13. Til hvers fundar verður boðað með dagskrá.

Framkvæmdastjóra falið að stofna fundaserú og senda stjórnarmönnum.

Drög að ársreikningi verði fyrirbyggjandi í viku 9. Kynning fyrir stjórn í viku 10. Stefnt að áritun stjórnar í viku 11. Aðalfundur verði 26. mars (vika 13).

Umræður um ferli upplýsinga til stjórnar, hvort og þá hvernig betur mætti fara, sbr. starfsreglur stjórnar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að virkja möguleika í uppfærðu bókhaldskerfi til að einfalda upplýsingagjöf til stjórnarinnar, sem verði til skoðunar annan hvern mánuð.

2 Melshorn - Verkstaða

Staða framkvæmda yfirfarin og borin saman við raunstöðu verksins.

Ljóst er að verkið er á eftir áætlun en það á ekki að tefja uppsetningu tækjabúnaðar.

Uppsetning og samsetning tækjabúnaðar er í undirbúningi.

3 Staða hitaveitu í Úlfsstaðaskógi

Síðast tekið fyrir á fundi #359.

Jarð- og lagnavinnu lauk að mestu í síðustu viku, 8. janúar. Dæluhús, dæla og raflagnir er að verða tilbúið til uppsetningar. Til upplýsingar.

4 Erindi frá eigendum í Eyjólfsstaðaskógi 2

Vísað er í erindi sem barst stjórn HEF veitna vegna tjóns í sumarbústað í Eyjólfsstaðaskógi 2, dags. 10. janúar 2026.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að koma á fundi með húseiganda og viðeigandi aðilum, til að ljúka málinu.

5 Hitaveita á Eiðum

Síðast yfirfarið á fundi #359.

Málið rætt nokkuð, frestað til næsta fundar.

6 Vatnsveita á Eiðum

Síðast yfirfarið á fundi #359.

Starfsfólk HEF vinnur að ráðstöfunum til skemmri og lengri tíma til öflunar á köldu vatni, bæði staðbundna vatnsöflun og valkostagreiningu leiðavals fyrir mögulega lögn frá Egilsstöðum. Úrbætur verða gerðar í vatnstanki og tæknirými hans í vor. Dæluþróf verða gerð í nærliggjandi borholum í sumar.

7 Jarðhitaleit Djúpavogi

Fyrir jól boraði verktaki HEF niður á 408m í DPV-36. Horfur voru góðar en engin áberandi niðurstaða leit dagsins ljós. Engin vatnsæð og hitinn hækkaði upp í 45,6°C í botni. Ekki var farið í gegnum hitahámark. Þrátt fyrir vonir um meira þá er DPV-36 jafnbesta eða besta holan okkar á þessu dýpi og í svipuðum hita og DPV-35 en þó ívið betri. Okkur er ekki að takast að finna uppstreymið sjálft, en við erum að þreifa okkur inn á uppstreymissvæðið sem virðist vera í NA af DPV-28 og hitanum á minna dýpi. Þetta er það sem líkanið hefur vísað okkur á og erfitt að horfa framhjá þeim árangri. Framhaldið krefst frekari skoðunar á fyrirliggjandi gögnum og líkani. Hugsanlega er ráðgjafateymi HEF að nálgast að geta mælt með að stefnuborun verði reynd, en þó ekki strax. Stefnt er á að fara í kortlagningu á sprungum á Stór-Djúpavogssvæðinu í vor, segulmæling og mögulega fleira.

8 Starfsmannamál

Gengið var frá ráðningu umsjónarmanns fjarvarmaveitu á Seyðisfirði í lok desember. Hann mun hefja störf í mars.

Tveir starfsmenn eru að vinna í að ljúka iðnnámi með vinnu.

Einn starfsmaður fer í fæðingarorlof í sumar.

9 Stöðumat á lögnum fyrir hita- og vatnsveitu

Ástæða er til að meta stöðu dreifikerfa og hvort breytingar þurfi að gera til að tryggja afhendingu á Egilsstöðum og nágrenni.

Framkvæmdastjóra falið að láta vinna verkið.

10 Norðurálma Fellabrunn 1

Uppsögn barst frá leigutaka 19. desember s.l. Framkvæmdastjóra falið að kanna markaðinn og undirbúa framkvæmdir sem mögulega gætu fylgt nýjum leigutaka.

11 Stefnumótun ársins 2026 og framkvæmdaáætlun

Framkvæmdastjóra falið að boða til fundar um aðgerðaáætlun og uppfærslu markmiða og verkferla.

12 Önnur mál

a. Hringtenging ljósleiðara á Borgarfjörð eystra

Öryggisfjarskipti ehf. félag í eigu ríkissjóðs og Neyðarlínunnar ohf. hefur farið þess á leit við Múlaþing / HEF að fá afnot af ljósleiðarasambandi (helst 2 þræði) frá Egilsstöðum í Unaós til að gera hringtengingu (2 leiðir) á Borgarfjörð eystra.

Stjórn tekur jákvætt í erindið, en ýmsar forsendur sem þarf að ræða nánar við Öryggisfjarskipti. Framkvæmdastjóra falið að halda samtali áfram um málið.

b. Fjarvarmaveita Seyðisfirði

Veitan hefur verið kynt allmarga daga í desember og janúar með olíu. Fyrst vegna veðurskemmda á háspennulínu Landsnets á Fjarðarheiði. Eyjakeyrsla virkjana í Fjarðará virkaði ekki í þessum atburði. Síðan vegna ójafnvægis í rafskautakatli, sem illa hefur gengið að stilla. Ýmsar ástæður hafa verið greindar og hluti búnaðar ketilsins þarfnast endurnýjunar. Til upplýsingar.

c. Innkomin erindi

- Heimastjórn Fljótshéraðs
- Hótel Framtíð; ósk um samtal um hitaveituvæðingu á Djúpavogi.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindunum.

d. Fréttir frá Samorku

Undirbúningur nýbyggingar iðnskóla, Tækniskólans (sem nú er á Skólavörðuholti), er komin á fullt. Forhönnun, eftir lokað útboð ráðgjafa, er lokið. Samorka er hluthafi í Skólastræti, félagi um byggingu hússins. Áætlun gerir ráð fyrir að skólinn verði tilbúinn 2030.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:50

Fundargerð rituðu: Ágústa Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson.